

Ágætu nemendur og aðstandendur (see English below).

Nú liggur fyrir að samkomubann er framlengt til og með 4. maí nk. Það þýðir að þið munið ekki mæta aftur í skólann í hefðbundna kennslu heldur verður áfram kennt með sama sniði og síðustu þrjár vikur. Síðasti kennsludagur er 30. apríl og lokapróf eru 4.-18. maí. Kennarar munu ákveða hvernig námsmati verður háttað og kynna það innan hvers áfanga á næstu dögum. Því þurfa nemendur að vera viðbúnir því að námsmat áfanga verði endurskoðað í ljósi aðstæðna, þ.e. vægi námsþátta og fyrirkomulag námsmats. Prófstjóri mun uppfæra próftöflu í samræmi við breytingar. IB-stallari mun senda IB-nemendum nánari upplýsingar.

Ég vil hrósa ykkur fyrir hvernig þið hafið tekist á við erfiðar og krefjandi aðstæður í skólastarfinu og samfélaginu. Kennarar og við stjórnendur erum mjög ánægð með hvernig þið nemendur hafið sinnt náminu en það er áskorun að sitja heima og fylgja stundatöflunni. Ég efast ekki um að þið saknið skólans og samnemenda og séuð full tilhlökkunar að koma í skólann þegar að því kemur.

Ég vona að þið getið nýtt páskana til uppbyggilegra verka og á sama tíma minni ég ykkur á að virða tilmæli sóttvarnarlæknis og fylgja þeim til hins ítrasta.

Kær kveðja og gleðilega páska.

Steinn

---

Dear students, parents and guardians.

Now it is official that the ban on gatherings has been extended until May 4th. That means that you will not be attending school for traditional schoolwork, but we will continue in the same way we have been doing for the last three weeks. The last day of teaching will be April 30th and final exams will be held on May 4th – May 18th. Teachers will decide on the arrangement of course assessments and they will let you know within each course in the next few days. The IB Coordinator will send further information to IB-students.

I would like to compliment you on how you have tackled this difficult and unprecedented situation within the school and the community. Teachers and administrators are very pleased with the way our students have attended to their schoolwork, but it is a challenge to work from home and follow your timetable. I have no doubt that you miss attending school and seeing your fellow students and friends and that you are looking forward to coming back to school when the time comes.

I hope that you can make use of the Easter break for constructive work. At the same time, I ask that you respect the requests from our Chief Epidemiologist and the Directorate of Health and follow their directions to the fullest.

Best Regards and Happy Easter

Steinn